

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Stolt See Farm Holdings



<b>Dags eftirlits</b>	3.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Stolt Sea Farm Holdings	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Heimili</b>	Vitabraut 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6909110480	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Þorbjörnsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti og engar athugasemdir voru gerðar

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Skila skal ársyfirliti til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár skv. gr. 3.4. í starfsleyfi og grænu bókhaldi og útstreymisgókaldi fyrir 1. maí ár hvert.

Farið var yfir skil á áætlunum skv. starfsleyfi. Drögum af áhættumati, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Kynning var haldin á fyrirtækinu, byggingaráformum og ferli eldisins.

Minnt er á skráningar skv. gr. 3.1. í starfsleyfi og að sýnatökur úr frárennsli skulu framkvæmdar á þriggja ára fresti skv. gr. 3.3. í starfsleyfi, fyrst árið 2014.

Frárennslið var skoðað og engar athugasemdir gerðar við það í eftirliti. Búið er að koma fyrir aðstöðu til sýnatöku við enda lagnar Stolt Sea Farm, áður en frárennslið rennur í bunustokk HS orku.

Gengið var um svæðið sem enn er í byggingu. Búið er að reisa tvö af þeim húsum sem fyrirhuguð eru og komu fyrstu seiðin í hús þann 21. ágúst sl.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

## ANNAÐ

Eftirlitsaðili hefur sent eyðublað til útfyllingar útstreymisbókhalds til rekstraraðila.

Rekstraraðili hefur skilað inn drögum af vöktunaráætlun. Um mjög ýtarlega áætlun er að ræða og óskar Umhverfisstofnun eftir því að unnin verði styttri og hnitmiðaðari útgáfa af áætluninni og hún send stofnuninni. Rekstraraðili ætlar að ráða til starfa gæðastjóra á næstu vikum og verður beðið með endanlega útfærslu á skýrslunni þar til nýr gæðastjóri hefur tekið til starfa.

Tengiliðir voru skráðir og farið yfir mikilvægi þess að breytingar á tengiliðum verði tilkynntar til stofnunarinnar.

Bent var á að öll gögn skulu send á netfang eftirlitsaðila sem og á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Reykjavík, 11.09.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.